

Ársskýrsla Stjórnar Framvegis 2012



2012

Stofnun

Framvegis miðstöð símenntunar er sjálfstætt rekin fræðslu- og símenntunarmiðstöð í eigu BSRB, Sjúkraliðafélags Íslands, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, SFR stéttarfélags og Promennt ehf. Miðstöðin var sett á fót árið 2001 í þeim tilgangi að koma til móts við sí- og endurmenntunarbörf starfsgreina sem Heilbrigðisskólinn í Fjölbraut í Ármúla útskrifaði. Í dag eru megin verkefni Framvegis þríþætt og snúa að símenntun með áherslu á félags- og heilbrigðisstéttir, vottuðu námi á framhaldsskólastigi fyrir fullorðið fólk sem hefur stutta formlega skólagöngu og þróunarverkefnum sem tengjast þessum sviðum.

Með tilkomu aðildar BSRB að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2010 varð Framvegis einnig skilgreindur hlutað-
ergandi aðili með leyfi til þess að sækja um að kenna vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar. Samkomulag hefur verið gert um að Fræðslusetrið Starfsmennt sjái um námsráðgjöf og raunfærnimat fyrir hönd BSRB.

Framvegis miðstöð símenntunar vinnur að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010. Meginmarkmið miðstöðvarinnar er að bjóða vandað nám sem er hannað fyrir fullorðna námsmenn með stutta formlega skólagöngu að baki og auka þannig færni þeirra, þekkingu og veita þeim aukin tækifæri til þátttöku í samfélaginu. Samkvæmt samþykktum miðstöðvarinnar skal tilgangur hennar vera að stuðla að framboði á námstækifærum fyrir fólk á vinnu-
markaði og auka gæði fullorðins- og starfsmenntafræðslu.

Hjá Framvegis er námsmaðurinn í fyrirrúmi, lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og að hann eigi jákvæða og lærdómsríka upplifun. Tekur allt starfið mið af því að um fullorðna námsmenn sé að ræða sem eru virkir þátttak-
endur og bera ábyrgð á eigin námi.

Árið 2012

Á árinu var áfram unnið að markmiðum nýrra laga um framhaldsfræðslu sem samþykkt voru árið 2010 og áfram mikið lagt upp úr því að bjóða vottað nám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Skrifað var undir nýjan þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í febrúar sem og viðaukasamning vegna vottaðra námsleiða. Boðið var upp á Grunnám skólaliða í samstarfi við Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar á vorönn en farið var af stað með tvo hópa í Skrifstofuskólanum á vorönn og þrjá hópa á haustönn. Mikil gróska var í símenntun fyrir sjúkraliða þar sem að vanda var boðið upp á sigild og sívinsæl námskeið í bland við nýjungar. Gæðastarf var fyrirferðarmikið í starfseminni á árinu sem var að líða en unnið var að innleiðingu European Quality Mark (EQM) gæðakerfinu allt árið. Framvegis miðstöð símenntunar hlaut EQM gæðavottun í nóvember en með gæðavottun EQM er staðfest að Framvegis standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfsemi. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins veitir gæðavottunina en vottunin liður í starfsemi hennar og miðar að því að hún einnig var unnið að því að vinna umsókn um viðurkenningu framhaldsfræðsluáðila til mennta- og menningarmálaráðuneytisins samkvæmt ákvæðum laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Framvegis hlaut svo í mars mánuði 2013 formlega viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu á grundvelli fyrrnefndra laga.

Haldinn var veglegur ársfundur í maí í tilefni af 10 ára afmælis Framvegis. Veitt voru hvatningarverðlaun fyrir árið 2011 en þau hlutu Margrét Gígja Rafnsdóttir sem sýndi í námi sínu metnað, kjark og frumkvæði og hlaut því hvatningarverðlaun. Hún útskrifaðist úr Starfsnámi stuðningsfulltrúa grunn- og framhaldsnámi ásamt því að hafa stundað vinnustaðanám hjá Vinnustofunni Ás að lokinni útskrift. Sigríður Jónsdóttir sjúkraliði hlaut verðlaun fyrir að vera öðrum fyrirmynd í símenntun en Sigríður sótti alls 11 námskeið hjá okkur árið 2011.

Árið 2012 var nokkuð erfitt í rekstri Framvegis og skilaði reksturinn tapi. Tekjustofnar héldu ekki að fullu í við verðlagsbreytingar og launaþróun og nokkuð skorti upp á að áætlun stæðist um fjölda þátttakenda. Áskorun fyrir árið 2013 verður því að ná jafnvægi í rekstri til að tryggja áframhaldandi sterkan rekstur Framvegis en í árslok 2012 var farið í aðgerðir til að lækka útgjöld í takt við tekjustofna.



Stjórn

Birna Ólafsdóttir, meðstjórnandi, formaður fræðslunefndar Sjúkraliðafélags Íslands og skrifstofustjóri

Guðmundur Pálmason, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Promennt ehf.

Jakobína Þórðardóttir, meðstjórnandi og framkvæmdastjóri Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

John Vilhjálmur Yeoman, meðstjórnandi og tæknistjóri Promennt ehf.

Jóhanna Þórdórsdóttir, varamaður í stjórn og fræðslustjóri SFR

Sigurður Friðriksson, varamaður í stjórn og skólastjóri Promennt ehf.



Starfsmenn

Stöðugildi hjá stofnuninni voru samtals fjögur drjúgan hluta af árinu en í desember lét Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir af störfum sem framkvæmdastjóri og Ragnhildur B. Bolladóttir sem starfað hefur sem verkefnastjóri tók við sem framkvæmdastjóri. Helga Guðmundsdóttir sem hefur tekið á móti námskeiðspáttakendum á kvöldin ásamt því að sjá um ræstingar lét af störfum um mitt árið sökum aldurs. Framvegis þakkar þeim vel unnin störf og óskar þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi. Eftir þessar breytingar urðu stöðugildi samtals því þrjú en eins og áður hefur verið nefnt tók Ragnhildur B. Bolladóttir við stöðu framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á daglegum rekstri, stefnumótun og þróunarvinnu. Elsa Björk Ásmundsdóttir er skrifstofustjóri og sér um skráningu, bókhald, launagreiðslu, almenn skrifstofustörf og þjónustu við námsmenn og leiðbeinendur. Vigdís Þyri Ásmundsdóttir er verkefnastjóri og sér um framkvæmd námskeiða og þróun náms. Ákveðið hefur verið að ráða ekki annan verkefnastjóra í bili en er það hluti af aðhaldsaðgerðum sem gripið hefur verið til í rekstrinum. Á starfsfólk Framvegis mikið lof skilið fyrir að takast á við ný og aukin verkefni með miklum sóma.

Framvegis statar af úrvali sérfræðinga og ráðgjafa sem eru ráðnir sem verktakar við stofnunina. Fjöldi þeirra á árinu 2012 var um það bil 110.

Húsnæði

Framvegis er til húsa að Skeifunni 11 b í Reykjavík en þar fer kennsla að mestu leyti fram. Húsnæðið undir starfsemi Framvegis er samtals 259 fm. Framvegis hefur til afnota 2 fullbúnar kennslustofur með fjarkennslubúnaði sem gerir miðstöðinni kleift að vera í góðu samstarfi um fjarkennslu við símenntunarmiðstöðvar um allt land. Fjarkennslu hugbúnaðurinn býður einnig upp á þann möguleika að námsmenn geta setið heima hjá sér eða á vinnustað þar sem þeir tengjast námskeiðinu í gegnum netið. Þannig getum við boðið námsmönnum lausnir sem henta hverjum og einum. Auk skrifstofu starfsmanna býr miðstöðin að fundarherbergi, kaffistofu leiðbeinenda og starfsmanna, geymslu og opnu rými með aðstöðu fyrir námsmenn.

Gæðastarf

Rík áhersla var lögð á gæðastarf árið 2012 en áfram var unnið að því að innleiða European Quality Mark (EQM) kerfið. EQM kerfið var þróað út frá Leonardo verkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók þátt í en kerfið er hannað með starfsemi fræðsluaðila í huga og hefur það því fallið mjög vel að starfsemi Framvegis. Verkefnið var aðallega unnið af Ragnhildi Bolladóttur en allt starfsfólk Framvegis hefur verið virkjað til að taka þátt í gæðastarfi og umbótum á starfseminni. Allt fastráðið starfsfólk starfar eftir gæðaviðmiðum Framvegis, notast við þau eyðublöð og starfa eftir þeim verkferlum sem samþykktir hafa verið. Framvegis miðstöð símenntunar hlaut svo gæðavottun samkvæmt European Quality Mark (EQM) gæðaviðmiðum í nóvember 2012 en með þeirri vottun hefur verið staðfest að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslu. Unnið var að umsókn viðurkenningu framhaldsfræðsluaðila til mennta- og menningarmálaráðuneytisins samkvæmt ákvæðum laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu á haustmánuðum. Umsókn ásamt fylgigögnum var svo skilað inn í byrjun október 2012. Framvegis hlaut svo í mars mánuði 2013 formlega viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu á grundvelli fyrrnefndra laga.

Þróunarverkefni

Framvegis miðstöð símenntunar hlaut styrk úr Þróunarsjóði Framhaldsfræðslu til þess að þróa námsefni í siðfræðikennslu innan framhaldsfræðslunnar. Grundvallar hugmynd námsefnisins er sú að þátttaka í umræðu um siðferði, þekking á siðfræðilegum hugtökum og efling á gagnrýnni hugsun auki færni fullorðinna námsmanna. Sérstök áhersla verður lögð á að móta námsefnið eftir þörfum fullorðinna námsmanna með því að nota fjölbreyttar kennsluáðferðir. Verkefnið var að miklu leyti unnið á árinu 2012 en það var unnið í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða, SÍMEY og Þekkingarnet Austurlands. Framvegis fékk til liðs við sig meistaranema í heimspeki, Elsu Haraldsdóttur, en hún vann námsefnið í samvinnu við rýnihóp frá ofangreindum aðilum. Almenn námsefni í siðfræði var fullunnið á lokamánuðum 2012 en verkefnið verður áfram þróað árið 2013 en gert er ráð fyrir sérhæfðu námsefni í siðfræði fyrir fullorðna námsmenn í heilbrigðis- og félagsgreinum. Siðfræðistofnun mun svo lesa handritið yfir að þróun lokinni.

Einnig var byrjað á verkefninu „Framhaldsnám fyrir skólaliða“ en Þróunarsjóður framhaldsfræðslu veitti Framvegis miðstöð símenntunar styrk til að þróa námsskrá sem ætlað er að vera framhald við Grunnám skólaliða. Gert er ráð fyrir að mesta vinnan við það verkefni fari fram á árinu 2013.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti Framvegis miðstöð símenntunar styrk til að greina starfsmenntaþarfir þjónustufulltrúa á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Markmið verkefnis er að greina störfina, meta menntunarpörfina og móta tillögur um nám fyrir starfsfólk. Verkefnið er unnið í samvinnu við stjórnendur Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og eru áætluð verklok júlí 2013.



■ Erlent samstarf

Framvegis miðstöð símenntunar tók þátt í tveimur erlendum þróunarverkefnum á árinu 2012. Young active methods er yfirfærsluverkefni styrkt af menntaáætlun Evrópusambandsins. Markmið verkefnis var að þróa kennsluaðferðir sem nýtast þeim sem vinna með ungu fólki með áherslu á leiðbeinendur sem vinna að því að hvetja ungt fólk til virkni og atvinnuleitar. Alls voru þróaðar 48 kennsluaðferðir og þær kynntar á ráðstefnu í Vín og svo í kjölfarið af því á Íslandi.

Framvegis tók einnig þátt í samstarfsverkefni sem var styrkt af menntaáætlun Evrópusambandsins, Face2Face, en markmið verkefnisins var að skoða hlutverk leiðbeinanda í starfsmenntun í félags- og heilbrigðisgeiranum. Unnið var að því að skilgreina hvað felst í góðri starfsþjálfun og í kjölfarið kannað hvaða aðferðir stuðla að auknu öryggi nýliða í starfi. Byggt var á reynslu samstarfaðila verkefnisins og dæmi tekin úr umhverfi þeirra. Allir þátttakendur verkefnisins vinna að starfsmenntun stétta í félags- og heilbrigðisstétta með mismunandi aðkomu. Þátttakendur í verkefninu eru frá Íslandi, Bretlandi, Svíþjóð, Hollandi, Búlgaríu og Ítalíu.

■ Náms- og starfsráðgjöf

Framvegis auglýsir reglulega námsráðgjöf fyrir markhóp framhaldsfræðslulaganna sem situr lengri námsleiðir hjá miðstöðinni. Ráðgjöfin er skipulögð í samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt. Ráðgjafi kemur frá setrinu á settum tímum og veitir námsmönnum Framvegis ráðgjöf en verkefnastjóri Framvegis hefur umsjón með námsráðgjöf námsmanna á okkar vegum. Framvegis bauð öllum nemendum í námsleiðum sem kenndar eru samkvæmt vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins náms- og starfsráðgjöf og hefur það mælst vel fyrir. Markmið ársins 2013 er að bjóða áfram öllum nemendum Framvegis í vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa.

■ Önnur ráðgjöf og þjónusta

Tveir starfsmenn Framvegis miðstöð símenntunar, Ragnhildur B. Bolladóttir og Vigdís Þyri Ásmundsdóttir, eru í þjálfun sem Markviss ráðgjafar en á árinu 2012 var farið af stað með fyrsta Markviss verkefnið. Markviss er aðferð til að vinna kerfisbundið að starfsmannapróun í fyrirtækjum og stofnunum. Með Markviss er tekist á við þau verkefni fyrirtækja sem fela í sér skipulagningu menntunar, þjálfunar og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna. Sjá: www.markviss.hugverk.is. Unnið verður að greiningu starfsmenntunarþarfa þjónustufulltrúa á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar en nánar er fjallað um verkefnið undir Þróunarverkefni. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki í júlí 2013 með skilum á greinargerð um verkefnið, mat á því hvernig til tókst ásamt fjárhagsuppgjöri.

■ Greining á fræðslu

Greining á fræðsluþörfum hefur farið fram í gegnum vinnu með fagráðum hjá Framvegis. Leitað hefur verið til stéttarféлага, framhaldsskóla, aðila með fagþekkingu (t.d. Landlæknisembættisins og Háskóla Íslands) og aðila frá atvinnulífinu þegar fagráðin eru kölluð saman. Tvö fagráð hafa verið starfrækt hjá Framvegis: Fagráð um símenntun heilbrigðisstétta og Fagráð um símenntun starfsfólks í félagsþjónustu. Á árinu 2012 voru haldnir fagráðsfundir á vori og hausti. Á árinu 2013 mun starf fagráðanna halda áfram en einnig verður lögð áhersla á það að greina fræðsluþarfir sjúkraliða um allt land og finna leiðir í samvinnu við fræðslumiðstöðvar innan Kvasis til að koma til móts við þær þarfir. Leitast verður við að greina áfram fræðsluþarfir markhópsins innan BSRB.

Samstarf



Framvegis miðstöð símenntunar er aðili að Kvasi samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva sem og Leikn samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Framvegis miðstöð símenntunar á einnig í góðu samstarfi við aðra skóla, stéttarfélag, Reykjavíkurborg og aðrar símenntunarmiðstöðvar.

Námsvísir og kynningarefni

Framvegis miðstöð símenntunar gaf út tvo námsvísa þar sem símenntun sjúkraliða var kynnt á árinu 2012. Námsvísinum var dreift til allra félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands og til þeirra stofnanna þar sem sjúkraliðar starfa helst. Framvegis heldur úti vefsíðu þar sem námsframboð hvernar annar er kynnt. Send voru fréttabréf til markhópa með vísan í vefsíðu Framvegis. Einnig tók Framvegis þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp framhaldsfræðslu hverju sinni.

Fræðslustarfið 2012 í máli og myndum


Haldin voru samtals 54 námskeið á árinu 2012 og voru nemendastundir ársins 32.242 og hækka þannig um u.þ.b þúsund á milli ára. Námskeiðin eru mjög ólík hvað varðar lengd, efnistöð og markhóp. Námskeiðin eru þó öll starfsþróunarnámskeið að því leyti að þau eru flest hugsuð með fólki á vinnumarkaði í huga. Námskeiðin eru flokkuð í tvo flokka: Starfstengd námskeið og námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Starfstengd námskeið eru flokkuð í símenntun sjúkraliða annarsvegar og námskeið haldin í samvinnu við Fræðslusetrið Starfsmennt hinsvegar. Í framsetningu gagna styðjumst við þessa tvískiptingu á starfstengdum námskeiðum, það er símenntun sjúkraliða og námskeið í samvinnu við fræðslusetrið Starfsmennt, til að gefa betri mynd af starfseminni. Þátttakendur voru 850 á árinu og fækkar þeim um 254 á milli ára. Helsta skýring á því er fækkun þátttakenda í símenntun sjúkraliða en farið var af stað með nokkur námskeið þar sem lágmarkspáttöku samkvæmt viðmiðum sem Framvegis hefur sett sér var ekki náð. Einnig dattu námskeið sem Framvegis hefur framkvæmt fyrir Vinnumálastofnun alveg út og eins varð breyting á skipulagi hjá Fjölmenn sem hafði það í för með sér að Framvegis framkvæmir ekki lengur námskeið á þeirra vegum. Mikil aukning var í kennslu námsleiða sem kenndar eru samkvæmt vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvum atvinnulífsins. Sökum þess helst fjöldi nemendastunda nokkuð stöðugur á milli ára á sama tíma og fjöldi þátttakenda fækkar þó nokkuð. Meðalaldur þátttakenda hjá Framvegis árið 2012 var 49 ára og er mikill meirihluti þeirra konur.



Starfstengd námskeið

Sjúkraliðar

Haldin voru 31 námskeið fyrir sjúkraliða á árinu. Þátttakendum fækkar aðeins á milli ára en þeir voru 608 samanborið við 718 árið 2011. Góð aðsókn var á flest námskeið en þó var ákveðið að halda nokkur námskeið þar sem lágmarksþátttaka náðist ekki. Símenntunarnámskeið sjúkraliða eru þróuð af starfsmönnum Framvegis ásamt fagráði miðstöðvarinnar. Fagráðið sem samanstendur af hinum ýmsu aðilum úr atvinnulífinu fundar með starfsmönnum Framvegis tvisvar sinnum á árinu. Einnig var unnið markvisst úr námskeiðsmati miðstöðvar og þannig fengnar hugmyndir að námskeiðum frá þátttakendum. Markmið með þarfagreiningunni er að bjóða fjölbreytt og fræðandi námskeið sem nýtast í starfi sjúkraliða og bjóða upp á fræðslu um málefni sem eru efst á baugi á hverjum tíma. Framvegis býður nemendum sínum nokkur námskeið í fjarkennslu í beinni en þannig geta sjúkraliðar sótt námskeið Framvegis í gegnum fjarkennsluforrit óháð staðsetningu. Þetta hefur mælst vel fyrir og komast iðulega færri að en vilja á fjárnámskeið. Framvegis leggur mikinn metnað í gæði fjarkennslu og hefur þetta fyrirkomulag mælst vel fyrir bæði hjá þátttakendum og leiðbeinendum.



Nám í samvinnu við fræðslusetrið Starfsmennt


Starfsnám stuðningsfulltrúa

Framvegis framkvæmir Starfsnám stuðningsfulltrúa, bæði grunnnám 162 kennslustundir og framhaldsnám 84 kennslustundir í samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt. Framvegis sér um samskipti við leiðbeinendur, þjónustu við námsmenn, vera þeim innan handar á meðan náminu stendur, veita þeim upplýsingar og stuðning. Um það bil 40 sérfræðingar leiðbeina á námskeiðinu. Einn hópur fór í gegnum grunnnámið á vorönn en á haustönn féll grunnnámið niður í fyrsta sinn. Tveir hópar luku framhaldsnáminu á árinu, einn á vorönn og annar á haustönn.

Rekspölur

Framvegis framkvæmir námskeiðið í samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt. Námið telur 60 kennslustundir í almenntu starfsnámi með áherslu á eflingu einstaklingsins í lífi og starfi. Námið er blanda af staðbundinni kennslu og fjárnámi. Rekspölur var haldið tvisvar á árinu.

Á árinu voru einnig framkvæmd nokkur minni námskeið fyrir Starfsmennt þar á meðal voru símenntun fyrir félagsmenn í Félagi íslenskra félagsliða, símenntun fangavaraða, símenntun fyrir lækningaritara og hluti af nýrri námsleið fyrir stjórnendur innan BSRB sem nefnist Forystufræðsla BSRB.



Námsleiðir FA

Mikil aukning er á bæði fjölda námskeiða og þátttakenda á námsleiðum sem kenndar voru samkvæmt vottuðum námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á milli ára. Árið 2012 voru kennd 7 námskeið samanborið við 2 árið 2011 og voru nemendastundir 16.890 samanborið við 1.940 árið 2011.

Skrifstofuskólinn

Um er að ræða 240 kennslustunda nám sem ætlað er einstaklingum á vinnumarkaði, 20 ára eða eldri með stutta skólagöngu að baki. Sá hluti námsins sem fer fram í tölvu, tölvu- og upplýsingatækni ásamt bókhaldi, er kenndur hjá Promennt ehf. en samstarfið við Promennt ehf. gerir Framvegis kleift að bjóða mikinn sveigjanleika í náminu með fjarkennslu í beinni sem þýðir einfaldlega að þú getur tekið þátt í kennslunni algjörlega óháð staðsetningu. Einnig hefur verið hægt að velja milli dag- og kvöldhópa en það hefur mælst vel fyrir og kunna námsmenn Framvegis svo sannarlega að meta þennan sveigjanleika. Á árinu 2012 luku fimm hópar Skrifstofuskólanum hjá Framvegis, tveir á vorönn og þrír á haustönn en færri komust að en vildu.

Grunnárskólaliða

Í samstarfi við Skóla- og frístundasvið og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar fór námsleið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins Grunnám skólaliða aftur af stað hjá Framvegis. Námið telur 70 kennslustundir og markmið námsins er að þátttakendur þekki til mismunandi aðstæðna og þarfa grunnskólabarna og öðlist aukna færni til þess að efla samskipti við þau, samstarfsfólk og aðstandendur. Tveir hópar luku námi á vorönn.

Yfirlit yfir námskeið 2012

Námskeið	Þátttakendur	Lengd	Nemendastundir
Hugræn atferlismeðferð	22	15	330
Heilablóðfall	12	10	190
Sár og sárameðferð	18	15	270
Sjúkraflutningar	32	15	480
Helstu flokkar geðraskana	20	15	510
Heimahjúkrun	27	10	270
Mat og eftirlit: Heildstæð skoðun	29	6	174
Viðbótarmeðferð	13	10	130
Stómi	21	10	280
Aukinn styrkur	19	30	570
Tannhirða langveikra	14	10	250
Vinnutengd ofbeldishegðun	21	10	320
Móttaka og hjúkrun bráðveikra	28	10	280
Viðbrögð og varnir gegn einelti	23	10	230
Nálganir í samskiptum við einstaklinga með geðraskanir	23	10	260
Evrópudagur sjúkraliða	19	2	38

Líknarmeðferð	23	10	320
Ofnæmi og ofnæmissjúkdómar	26	10	260
Heimahjúkrun	28	10	280
Hjúkrunarskráning og flokkunarkerfi hjúkrunargreininga	27	10	270
Viðbótarmeðferð	14	10	140
Tengsl holdafars við næringu og heilbrigði	21	10	330
Fyrirbyggjandi nálgun heilbrigðisstarfsmanna			
að vinnutengdri ofbeldishegðun	15	10	200
Umhirða og umgengni fylgihluta	8	10	80
Námskeið fyrir leiðbeinendur sjúkraliðanema í verknámi	22	6	132
Siðferðileg álitamál í heilbrigðisþjónustu	7	10	140
Núvitund og hjúkrun	8	20	160
Sár og sárameðferð	20	15	300
Aukinn styrkur	13	30	390
Taugasjúkdómar	16	15	405
Hugræn atferlismeðferð	19	15	450

Námsleiðir FA	Fjöldi þátttakenda	Kst	Nemendastundir
Skrifstofuskólinn I	4	120	960
Skrifstofuskólinn II	20	240	4800
Skólaliðar I	15	70	980
Skólaliðar II	12	70	840
Skrifstofuskólinn 1	13	245	3185
Skrifstofuskólinn 2	11	245	2695
Skrifstofuskólinn 3	14	245	3430

Starfsmennt	Fjöldi þátttakenda	Kst	Nemendastundir
Starfsnám stuðningsfulltrúa I	17	162	2754
Starfsnám stuðningsfulltrúa I I	8	84	672
Rekspölur II	13	60	780
Félagsliðar 17.1.2012	5	4	136
Félagsliðar 18. 1.2012	5	4	124
Félagsliðar 14.2.2012	3	4	112
Félagsliðar 15.2.2012	6	4	60
Félagsliðar 21.3.2012	15	4	116
Félagsliðar 22.3.2012	4	4	112
Félagsliðar 11.4.2012	2	4	100
Félagsliðar 12.4.2012	6	4	48
Læknaritarar	9	10	90
Forystufræðsla	21	9	189
Fangaverðir	18	4	72
Starfsnám stuðningsfulltrúa II	12	84	1008
Rekspölur II	9	60	540

Samtals	850	2.119	32.242
----------------	------------	--------------	---------------

Rekstrarreikningur ársins 2012

	2012	2011
Rekstrartekjur:		
Námskeið	27.694.785	44.154.253
Aðrar tekjur	30.955.050	16.821.500
	<u>58.649.835</u>	<u>60.975.753</u>
Rekstrargjöld:		
Aðkeypt vinna og þjónusta	22.406.785	15.617.233
Laun og launatengd gjöld	27.445.917	23.355.667
 hagnaður ársins	13.536.236	14.865.294
Afskriftir	490.566	863.963
	<u>63.879.504</u>	<u>54.702.157</u>
Rekstrar(tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði	-5229669	6.273.596
Fjármunatekjur	<u>1.422.008</u>	<u>1.061.894</u>
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	-3.807.661	7.335.490
Tekjuskattur	0	1.467.098
(Tap) hagnaður ársins	<u>-3.807.661</u>	<u>5.868.392</u>
Efnahagsreikningur		
	2012	2011
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld og tæki	1.394.862	1.885.428
	Fastafjármunir	1.885.428
Veltufjármunir:		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	4.382	17.209
Aðrar skammtímakröfur	4.437.656	193.637
Handbært fé	33.300.072	42.696.331
	Veltufjármunir	42.907.177
Eignir samtals	<u>39.136.972</u>	<u>44.792.605</u>

31. des 2012

Eigið fé og skuldir

	2012	2011
Eigið fé:		
Hlutfé	10.200.000	10.200.000
Annað eigið fé	24.252.640	28.060.301
Eigið fé samtals	<u>34.452.640</u>	<u>38.260.301</u>
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir	908.875	1.518.221
Fyrirframinnheimtar tekjur	3.063.852	2.650.303
Skattar ársins	0	1.467.098
Aðrar skammtímaskuldir	711.605	896.682
	<u>4.684.332</u>	<u>6.532.304</u>
Eigið fé og skuldir samtals:	<u>39.136.972</u>	<u>44.792.605</u>

Yfirlit yfir sjóðsteymi árið 2012

	2012	2011
Rekstarhreyfingar:		
(Tap) hagnaður ársins	-3.807.661	5.868.392
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjársteymi:		
Afskriftir	490.566	863.963
Veltufé (til) frá rekstri	-3.317.095	6.732.355
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	-6.079.164	1.979.122
Handbært fé (til) frá rekstri	-9.396.259	8.711.477
Fjárfestingarhreyfingar:		
Keypt áhöld og tæki	0	1.798.880
	<u>0</u>	<u>1.798.880</u>
Hækkun á handbæru fé	-9.396.259	6.912.597
Handbært fé í ársbyrjun	42.696.331	35.783.734
Handbært fé í árslok	<u>33.300.072</u>	<u>42.696.331</u>



Kemur ný mynd hér

FRAMVEGIS 

● ● ● ● Miðstöð símenntunar

Skeifan 11B | 108 Reykjavík | Sími 581 1900 | framvegis@framvegis | www.framvegis.is